

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um áhrif afnáms almenns vörugjalds og tolla á tekjur ríkisins.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hver eru áætluð áhrif niðurfellingar almenns vörugjalds á vörur í 600 tollskrárnúmerum frá 1. janúar 2015 á tekjur ríkisins?
2. Hver eru áætluð áhrif niðurfellingar tolla á vörur í 320 tollskrárnúmerum frá 1. janúar 2016 á tekjur ríkisins?
3. Hver eru áætluð áhrif niðurfellingar tolla á vörur í 1.250 tollskrárnúmerum frá 1. janúar 2017 á tekjur ríkisins?

Svarið óskast sundurliðað eftir árum og auk beinnar tekjulækkunar verði hliðaráhrif á virðisaukaskatt metin.

Skriflegt svar óskast.